



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 11. mars 2016

Ákvörðun nr. 9/2016

Framsal Glitnis hf. á 95% hlutfjár Íslandsbanka hf. til Ríkissjóðs Íslands

I.

Málsatvik og málavextir

Í máli þessu tekur Samkeppniseftirlitið afstöðu til yfirtöku Ríkissjóðs Íslands á Íslandsbanka hf. Með sátt við aðila máls eru yfirtökunni sett skilyrði, eins og nánar greinir í ákvörðun þessari.

Tildrög málsins eru að Samkeppniseftirlitinu barst þann 15. febrúar 2016 samrunaskrá vegna yfirtöku Ríkissjóðs Íslands á öllu hlutfé í ISB Holding ehf. Félagið er eigandi 95% hlutfjár í Íslandsbanka hf. Mælt er fyrir um tilkynningu samruna í 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. og reglum nr. 684/2008.

Áður hafði Samkeppniseftirlitinu verið gert viðvart um að kröfuhafar Glitnis hf. (hér eftir Glitnir) hygðust framselja 95% hlut sinn í Íslandsbanka hf. (hér eftir Íslandsbanki) til Ríkissjóðs Íslands, sem lið í svokölluðu stöðugleikaframlagi í tengslum við áætlun stjórnvalda um losun fjármagnshafta, sbr. lög nr. 60/2015 um stöðugleikaskatt.¹ Í samskiptum Samkeppniseftirlitsins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins kom fram sá sameiginlegi skilningur að framsalið fæli í sér breytingu á yferráðum yfir Íslandsbanka sem féllu undir samrunaákvæði samkeppnislaga og bæri að tilkynna eftirlitinu.

Í aðdraganda málsins óskuðu fulltrúar stjórnvalda eftir viðræðum um mögulegar aðgerðir til að koma í veg fyrir samkeppnishindranir sem kynnu að stafa af sameiginlegum yferráðum ríkissjóðs yfir Íslandsbanka og Landsbankanum. Þeim viðræðum lyktaði með því að sátt í málinu var undirrituð þann 11. mars 2016. Efnisatriði sáttarinnar eru birt í ákvörðunarorðum með ákvörðun þessari.

¹ Með lögum nr. 60/2015, um stöðugleikaskatt, var lögfestur einkisráðgjafi 39% skattur á fjármálafyrirtæki sem áður störfuðu sem viðskiptabankar eða sparissjóðir í því markmiði að skapa forsendur fyrir losun fjármagnshafta með efnahagslegan stöðugleika og almannahag að leiðarljósi. Skattlagningunni er ætlað að mæta neikvæðum áhrifum í tengslum við uppgjör og efnisráðgjafi skattskyldra aðila í kjölfar slitameðferðar þeirra. Framsal Glitnis á Íslandsbanka er hluti af stöðugleikaframlagi föllnu bankanna þriggja til ríkisins í þeim tilgangi að verða ekki skattskyldir. Felast ráðstafanir slitabúa föllnu bankanna í afhendingu stöðuleikaframlags sem m.a. veitir tryggingu fyrir því að eignir sem metnar eru lágt á efnahagsreikningum búa föllnu bankanna valdi ekki greiðslujafnaðarvanda reynist þær verðmætari en áætlað var, umbreytingu gjaldeyrisinnstæðna í starfandi fjármálafyrirtækjum í lengri lán og uppgreiðslu lána sem ríki og Seðlabanki Íslands veittu Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. við stofnun þeirra. Sjá nánari umfjöllun í greinargerð Seðlabanka Íslands vegna aðgerðanna *Uppgjör fallinna fjármálafyrirtækja á grundvelli stöðugleikaskilyrða: áhrif á greiðslujöfnuð og fjármálastöðugleika*. Greinargerðina má finna á heimasíðu Seðlabankans: <http://www.seðlabanki.is/library/Skraarsafn/Gjaldeyrismaal/Greinargerd.pdf>



Við rannsókn málsins hefur Samkeppniseftirlitið átt samskipti við þá aðila sem skrifuðu undir sátt í málinu, þ.e. fjármála- og efnahagsráðuneytið, Bankasýslu ríkisins (hér eftir Bankasýslan), Íslandsbanka og Landsbankann. Þá hefur eftirlitið kynnt sér stjórnarhætti Bankasýslunnar, eigendastefnu ríkisins og áform Bankasýslunnar um sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Í tengslum við mál þetta óskaði Samkeppniseftirlitið ennfremur eftir upplýsingum frá Seðlabanka Íslands.

Við rannsókn þessa hefur verið höfð hliðsjón af ítarlegri umfjöllun Samkeppniseftirlitsins um viðskiptabankamarkaðinn í ýmsum stjórnsýslumálum og skýrslum, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 48/2009 *Yfirtaka Glitnis banka hf. á Íslandsbanka hf.*, umræðuskjal nr. 1/2011, *Samkeppni á bankamarkaði*, og skýrslu nr. 1/2013, *Fjármálaþjónusta á krossgötum*.

II. Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að „*einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yferráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, eða eitt eða fleiri fyrirtæki ná beinum eða óbeinum yferráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti*“, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Íslandsbanki er fjármálafyrirtæki sem nýtur leyfis Fjármálaeftirlitsins til að reka viðskiptabankastarfsemi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Íslandsbanki var stofnaður í kjölfar setningar neyðarlaganna þann 8. október 2008 til að taka við innlendra starfsemi Glitnis. Bankinn var alfarið í eigu ríkisins fram til október 2009 er ríkið komst að samkomulagi við kröfuhafa (skilanefnd Glitnis) um að þeir eignuðust 95% eignarhlut í bankanum. Íslandsbanki sinnir hefðbundinni viðskiptabankastarfsemi, þar á meðal móttöku innlána og veitingu útlána. Þá veitir bankinn fjárfestingarbankaþjónustu, miðlar verðbréfum og veitir einstaklingum fjármálaráðgjöf. Innan samstæðu bankans eru einnig Íslandssjóðir sem er sérhæft félag á sviði eignastýringar og annast rekstur og stýringu verðbréfasjóða, Borgun sem er fjármálafyrirtæki á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar og Ergo sem sérhæfir sig í fjármögnun atvinnutækja og atvinnuhúsnæðis fyrir rekstraraðila og fjármögnun bíla. Ljóst er að bankinn nýtur afar sterkrar stöðu á þeim mörkuðum sem hann starfar.

Glitnir er fyrrverandi viðskiptabanki sem nú er í slitameðferð, en Fjármálaeftirlitið afturkallaði viðskiptabankaleyfi hans í júlí 2011. Fram að bankahrúni árið 2008 var sú starfsemi sem nú er rekin undir merkjum Íslandsbanka í höndum Glitnis. Í samrunaskrá segir að framsal Glitnis á 95% hlutfjár í Íslandsbanka sé liður í svokölluðu stöðugleikaframlagi framseljanda í tengslum við nauðasamning Glitnis við íslenska ríkið. Með umræddu framsali fær Ríkissjóður Íslands ýmsar eignir frá Glitni.

Landsbankinn var einnig stofnaður í kjölfar neyðarlaganna þann 8. október 2008 til að halda utan um innlenda starfsemi gamla Landsbanka Íslands hf. Upphaflega var lögheiti bankans NBI hf. en því var breytt í Landsbankinn hf. árið 2011. Eignarhlutur ríkisins í bankanum er nú 98,2%. Landsbankinn er alhliða banki sem þjónar bæði einstaklingum



og fyrirtækjum. Bankinn starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Ljóst er að bankinn nýtur afar sterkrar stöðu á þeim mörkuðum sem hann starfar.

Bankasýsla ríkisins er ríkisstofnun með sjálfstæða stjórn sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra. Hún var stofnuð með lögum nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins sem tóku gildi í ágúst 2009 og tók stofnunin til starfa í janúar 2010. Bankasýslan hefur það hlutverk að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við lög, góða stjórnarsýslu- og viðskiptahætti og eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma, og leggur þeim til fé fyrir hönd ríkisins á grundvelli heimilda í fjárlögum.² Bankasýslunni er í starfsemi sinni ætlað að leggja áherslu á endurreisn og uppbyggingu öflugs innlands fjármálamarkaðar og stuðla að virkri og eðlilegri samkeppni á þeim markaði, tryggja gagnsæi í allri ákvarðanatöku varðandi þátttöku ríkisins í fjármálastarfsemi og tryggja virka upplýsingamiðlun til almennings.³

Við framsalið sem hér um ræðir eignast Ríkissjóður Íslands 100% eignarhlut í Íslandsbanka hf. Bankasýslan mun fara með eignarhlut ríkissjóðs í bankanum fyrir hönd ríkissjóðs. Fyrir framsalið fer Bankasýslan með hluti ríkissjóðs í fjármálafyrirtækjum, þ.e. 98,2% hlut í Landsbankanum, 13% hlut í Arion banka hf. og 49,5% hlut í Sparisjóði Austurlands hf.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, með síðari breytingum (stöðugleikaframlag), sbr. 420. mál (þingskjal 618), og er það hluti af áður nefndri áætlun stjórnvalda um losun fjármagnshaftra. Frumvarpið mælir fyrir um það hvernig umsýslu, fullnustu og sölu hinna framseldu eigna skuli háttáð. Lagt er til að sérstaklega verði áréttað að Bankasýsla ríkisins annist meðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum, sbr. lög nr. 88/2009, um Bankasýslu ríkisins. Nánar er gerð grein fyrir efni frumvarpsins og gögnum því tengdu á vefsíðu Alþingis.⁴

Með framangreindu framsali hefur átt sér stað samruni milli Íslandsbanka og Landsbankans í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

III.

Niðurstaða

Samkvæmt 17. gr. f samkeppnislaga er Samkeppniseftirlitinu heimilt, með samþykki málsaðila, að ljúka máli með sátt. Í slíkri sátt getur falist að sett séu skilyrði til vinna gegn því að samruni raski samkeppni. Samkvæmt ákvæðinu er sátt „*bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.*”

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði.

² Á heimasíðu stofnunarinnar, www.bankasysla.is, er gerð nánari grein fyrir stjórnarháttum stofnunarinnar, s.s. hvernig skipað er í stjórnir fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins.

³ Sjá heimasíðu Bankasýslu ríkisins: www.bankasysla.is, sótt þann 3. mars sl.

⁴ Sjá nánar á heimasíðu Alþingis: <http://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=145&mnr=420>



Sem fyrr segir hefur náðst sátt í þessu máli um skilyrði til að verja samkeppni, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.

Markaður málsins og staða fyrirtækja á honum

Samruni þessi mun leiða til þess að íslenska ríkið mun eiga nær allt hlutfé í tveimur af þremur stærstu viðskiptabönkum landsins. Viðskiptabankarnir þrír eru alhliða bankar (þ.e. þeir veita alhliða fjármálaþjónustu). Þannig sinna bankarnir innlánastarfsemi, útgáfu greiðslukorta, veita ýmiss konar útlán til heimila og fyrirtækja, stýra og reka verðbréfasjóði (gegnum rekstrarfélög), annast verðbréfamiðlun, fyrirtækjaráðgjöf o.fl. Í ljósi sáttar um niðurstöðu málsins er ekki ástæða til að skilgreina með nákvæmum hætti þá markaði sem yfirtakan kann að hafa áhrif á. Í aðalatriðum telur Samkeppniseftirlitið að taka megi mið af skilgreiningu markaða úr fyrri málum. Markaðurinn fyrir viðskiptabankaþjónustu við einstaklinga og smærri fyrirtæki skiptir því mestu máli, sbr. t.d. ákvörðun nr. 50/2008, *Samruni Kaupþings banka hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.*, ákvörðun nr. 33/2011, *Yfirtaka Íslandsbanka á Byr hf.*

Viðskiptabankarnir þrír njóta hver fyrir sig sterkrar stöðu á hinum ýmsu undirmörkuðum fjármálaþjónustu.⁵ Í aðalatriðum eru þeir áþekkir að stærð og samanlögð markaðshlutdeild þeirra á sviði innlánastarfsemi nemur nú um 97-98% á landsvísu. Íslandsbanki og Landsbanki, sem nú er gert ráð fyrir að verði undir sameiginlegu eignarhaldi ríkissjóðs, eru samtals með um 65-70% hlutdeild í innlánum frá einstaklingum og atvinnufyrirtækjum.

Ljóst er að stóru viðskiptabankarnir þrír eru afar mikilvægir í íslensku efnahagslífi og varðar það miklu fyrir hagsmuni heimila og fyrirtækja í landinu að virk samkeppni geti þrífist á milli þeirra innbyrðis og við aðra aðila á fjármálamarkaði. Í ákvörðun þessari er ekki fjallað með ítarlegum hætti um markaðshlutdeild bankanna, enda hafa málsaðilar þegar náð samkomulagi um tiltekin skilyrði fyrir sameiginlegu eignarhaldi ríkissjóðs á Íslandsbanka og Landsbankanum. Hins vegar hefur Samkeppniseftirlitið aflað gagna um starfsemi bankanna undir rekstri þessa máls, sem nýttar verða í áframhaldandi eftirliti með markaðnum.

Samkeppnisleg áhrif breytinga á yfirráðum

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða verði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið hefur ítrekað bent á mikla samþjöppun á markaðnum fyrir viðskiptabankaþjónustu, en hún jókst umtalsvert við fall sparisjóðanna. Í úrlausnum eftirlitsins á liðnum árum hefur það bent á tiltekin fákeppniseinkenni sem til staðar séu á viðskiptabankamarkaði. Við vissar aðstæður þar sem fákeppni er til staðar getur skapast hætta á þögullri samhæfingu (e. tacit collusion) milli keppinauta sem getur verið mjög skaðleg fyrir viðskiptavinum þótt hún sé ekki nauðsynlega ólöglegt. Kjörastæður fyrir slíka

⁵Landsbankinn er ekki lengur hluthafi í Valitor og Borgun og nýtur því ekki samsvarandi stöðu á sviði greiðslumiðlunar og Arion banki (gegnum eignarhald sitt á Valitor) og Íslandsbanki (gegnum eignarhald sitt á Borgun). Með skilyrðum í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015 var tryggt að viðskiptavinir Valitors og Borgunar nytu jafnræðis á við eigendur hvors kortafyrirtækis um sig í viðskiptum við Valitor og Borgun.



fákeppnishegðun er þegar fáir álíka stórir keppinautar sem eru líkir að uppbyggingu gnæfa yfir markaðnum, hafa góða yfirsýn yfir kjarnaþætti í starfsemi hvers annars (einkum um verð) og búa um leið við takmarkað samkeppnisaðhald frá öðrum keppinautum. Fyrirtæki sem starfa við slíkar aðstæður hafa oft litla hvata til m.a. verðsamkeppni.

Yfirtaka ríkissjóðs á Íslandsbanka leiðir til þess að 65-70% af innlánastarfsemi í landinu verður undir yferráðum sama aðila, auk þess sem Íslandsbanki og Landsbanki hafa saman mjög sterka stöðu á fleiri mikilvægðum undirmörkuðum fjármálaþjónustu. Sameiginleg yferráð af þessu tagi eru að öllu jöfnu til þess fallin að raska samkeppni með alvarlegum hætti. Í hinu sameiginlega eignarhaldi felst hættu á því að starfsemi bankanna verði samræmd, beint eða óbeint, með skaðlegum hætti fyrir viðskiptavinum og samfélagið.

Í þessu máli ber hins vegar að líta til þess að stjórnvöld sem koma að eignarhaldi á bönkunum hafa engin áform um að sameina eða samþætta starfsemi keppinautanna tveggja, Íslandsbanka og Landsbankans, hvorki með samstarfi þeirra á milli eða með því að renna þeim saman. Hér skiptir einnig máli að framsal til ríkissjóðs á eignarhlut í Íslandsbanka er mikilvægur liður í markmiðum ríkisins um efnahagslegan og fjármálalegan stöðugleika auk þess sem gerningurinn er talinn nauðsynlegur liður í fyrirhugaðri afléttingu gjaldeyrishafta og áætlun stjórnvalda þar um. Þá liggur einnig fyrir að stjórnvöld áforma sölu á eignarhlutum í viðskiptabönkum í eigu ríkisins, a.m.k. að hluta.

Í máli þessu hafa stjórnvöld skuldbundið sig með sátt við Samkeppniseftirlitið til þess að fylgja reglum og grípa til aðgerða sem stuðla að því að bankanir verði reknir sem sjálfstæðir keppinautar. Viðskiptabankarnir tveir sem verða undir yferráðum ríkisins hafa jafnframt skuldbundið sig til að fylgja skilyrðum sem stuðla að hinu sama. Þannig verður gripið til ráðstafana sem ætlað er að koma í veg fyrir að hið sameiginlega eignarhald hafi skaðleg áhrif á samkeppni. Er það gert m.a. með skilyrðum sem eiga að tryggja að Íslandsbanki og Landsbankinn starfi að öllu leyti sem óháðir og sjálfstæðir keppinautar á markaði.

Með þetta að leiðarljósi felur sátt yfirtökuaðila við Samkeppniseftirlitið í sér eftirfarandi:

- Tryggt er að bann við samráði tekur að fullu og öllu leyti til hvers konar samskipta Íslandsbanka og Landsbanka (1. gr. sáttar). Þýðir þetta að bann 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins tekur til allra samskipta bankanna og varða brot þeirra sektum skv. 37. gr. samkeppnislaga. Jafnframt leiðir af þessu að starfsmenn og stjórnarmenn Íslandsbanka og Landsbanka geta bakað sér refsíabyrgð með samskiptum sínum á milli, sbr. 41. gr. a. samkeppnislaga.
- Mælt er fyrir um óhæði þeirra stjórnarmanna sem Bankasýslan kýs í stjórnir viðskiptabanka og sparisjóða, gagnvart öðrum keppinautum (a-liður 2. gr.). Í þessu skyni er einnig mælt fyrir um hvernig staðið skuli að vali stjórnarmanna (b og c-liður 2. gr.)
- Mælt er fyrir um að horft sé til mögulegra samkeppnishindrana í mótun á stjórnarháttum í bönkunum (d-liður 2. gr.)
- Mælt er fyrir um mótun verklags innan Bankasýslunnar sem kemur í veg fyrir að afskipti hennar eða öflun/miðlun upplýsinga stuðli að samkeppnishamlandi samræmingu milli bankanna (e, f og g-liður 2. gr.).



- Mælt er fyrir um samræmi milli sáttarinnar og eigendastefnu ríkisins (h-liður 2. gr).

Eins og áður greinir gerði Samkeppniseftirlitið sátt við aðila málsins þann 11. mars síðastliðinn. Er sáttin nánar tiltekið gerð við fjármála- og efnahagsráðuneytið, Bankasýslu ríkisins, Íslandsbanka og Landsbankann. Með vísan til 17. gr. c, sbr. og 17. gr. f samkeppnislaga felur sáttin í sér fullnægjandi lyktir máls þessa. Er hún birt í ákvörðunarorðum.

Sem fyrr segir liggur fyrir að stjórnvöld áforma sölu á eignarhlutum í viðskiptabönkum í eigu ríkisins, a.m.k. að hluta. Samkeppniseftirlitið telur afar mikilvægt að framtíðarráðstöfun á eignarhlut ríkisins taki mið af langtímahagsmunum efnahagslífsins af virkri samkeppni. Virk samkeppni knýr fyrirtæki til hagræðingar og nýsköpunar sem stuðlar að hagstæðari kjörum og auknum gæðum þjónustunnar. Jafnframt stuðlar aukin hagkvæmni, sem af virkri samkeppni leiðir, að öruggari rekstri til lengri tíma litið. Það fer saman við fjármálastöðugleikamarkmið.



IV. Ákvörðunarorð

„Framsal Glitnis hf. á 95% hlutfjár í Íslandsbanka hf. til Ríkissjóðs Íslands felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. laganna er samrunanum sett eftirfarandi skilyrði.

1. gr.

Viðskiptabankarnir starfi sem sjálfstæðir keppinautar

Íslandsbanki og Landsbankinn skulu að öllu leyti starfa sem sjálfstæðir og óháðir keppinautar á markaði. Í þessu felst að allir samningar og samþykktir milli þeirra, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað eru bannaðar sbr.10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins.

Starfsmaður eða stjórnarmaður Íslandsbanka og/eða starfsmaður eða stjórnarmaður Landsbankans, sem framkvæmir, hvetur til eða lætur framkvæma samráð, milli Íslandsbanka og Landsbankans, sem brýtur gegn 10. gr. samkeppnislaga getur bakað sér ábyrgð eins og nánar er kveðið á um í 41. gr. a. samkeppnislaga.

Allar undanþágur sem Samkeppniseftirlitið hefur veitt ofangreindum bönkum eða varðar samstarf þeirra skulu halda gildi sínu óháð sátt þessari. Samkeppniseftirlitið getur í samræmi við 15. gr. samkeppnislaga veitt undanþágu frá ákvæðum 10. gr. laganna.

2. gr.

Stefna og framkvæmd í starfsemi Bankasýslu ríkisins

Bankasýsla ríkisins skal fyrir sitt leyti tryggja samkeppnislegt sjálfstæði viðskiptabanka og sparisjóða sem ríkið á eignarhluti í. Skal það m.a. gert með eftirfarandi hætti:

- a. Stjórnarmenn sem Bankasýslan kýs í stjórn viðskiptabanka eða sparisjóðs skulu vera óháðir öðrum viðskiptabönkum eða sparisjóðum á Íslandi. Jafnframt skulu þeir vera óháðir þeim sem fara með yfirráð yfir öðrum viðskiptabönkum eða sparisjóðum á Íslandi. Um óhæði fer skv. 3. gr. sáttar þessarar.
- b. Nefndarmenn í valnefnd þeirri sem tilnefnir stjórnarmenn fyrir Bankasýsluna, skulu vera óháðir viðskiptabönkum eða sparisjóðum á Íslandi, sbr. 3. gr. sáttar þessarar. Skipta skal árlega um a.m.k. einn nefndarmanna í valnefnd.
- c. Í starfsreglum um valnefnd, sem stjórn Bankasýslunnar setur, skal kveðið á um að nefndin skuli við mat sitt á hæfni stjórnarmanna taka sérstaklega mið af ákvæðum sáttar þessarar um samkeppnislegt sjálfstæði viðskiptabanka sem ríkið á eignarhluti í.
- d. Bankasýslan skal beita sér fyrir því að stjórnir viðskiptabanka sem hún fer með meirihluta í, setji sér starfsreglur þar sem sérstaklega er kveðið á um hvernig tryggja beri samkeppnislegt sjálfstæði viðkomandi viðskiptabanka gagnvart öðrum viðskiptabönkum í eigu ríkisins.
- e. Við gerð samninga um sérstök og almenn markmið í rekstri viðskiptabanka í meirihlutaeigu ríkisins, sbr. e-lið 4. gr. laga nr. 88/2009, er Bankasýslunni óheimilt að gera kröfur er falið geta beint eða óbeint í sér samræmingu milli



viðkomandi banka á verði eða þjónustu, skiptingu markaða eða annarri markaðshögðun.

- f. Bankasýslan skal grípa til viðeigandi aðgerða til þess að öflun, varsla og miðlun upplýsinga af hálfu stofnunarinnar hafi á engan hátt áhrif á samkeppni milli keppinauta sem hún fer með eignarhlut í. Þar á meðal skal Bankasýslan tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að trúnaðarupplýsingar sem stofnunin býr yfir berist ekki á milli keppinauta. Skal stofnunin setja reglur um meðferð upplýsinga frá keppinautum og birta þær á heimasíðu sinni. Geta slíkar reglur t.d. fjallað um afmörkun gagna, verkaskiptingu og aðgangsstýringu.
- g. Við sölu eignarhluta í viðskiptabönkum í eigu ríkisins skal Bankasýslan tryggja sérstaklega að undirbúningur og meðferð hennar raski ekki samkeppni milli viðskiptabanka sem hún fer með eignarhlut í. Bankasýslan mun ekki veita keppinautum Íslandsbanka annars vegar og Landsbankans hins vegar aðgang að sölumeðferð eignarhluta í hinum bankanum.
- h. Fjármála- og efnahagsráðuneytið skal tryggja að eigendastefna ríkisins á hverjum tíma taki mið af sátt þessari.

3. gr.

Skilgreining óháðis

Stjórnarmenn og valnefndarmenn teljast óháðir ef þeir eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá þeim sem fara með yfirráð yfir öðrum viðskiptabönkum eða sparisjóðum á Íslandi, eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá öðrum viðskiptabönkum og sparisjóðum á Íslandi eða dótturfélögum þeirra, eru ekki makar stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra nokkurra framangreindra aðila eða skyldir þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar. Aðili telst ekki óháður ef hann sinnir reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafastörfum fyrir framangreinda aðila eða hefur meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá.

4. gr.

Yfirlýsingar valnefndarmanna og ráðinna stjórnarmanna

Einstaklingar í valnefnd Bankasýslu ríkisins og stjórnarmenn fjármálafyrirtækja, sem starfa eftir tilnefningu nefndarinnar, skulu undirrita sérstaka yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér sáttina og muni í störfum sínum fylgja ákvæðum hennar og samkeppnislaga og grípi ekki til aðgerða sem geta raskað samkeppnislegu sjálfstæði hlutaðeigandi fjármálafyrirtækja.

Skulu afrit þessara yfirlýsinga send Samkeppniseftirlitinu innan 30 daga frá því að viðkomandi einstaklingur hefur verið skipaður í valnefnd Bankasýslu ríkisins eða stjórn fjármálafyrirtækis.

5. gr.

Skýrsla um framkvæmd

Bankasýslan skal gefa Samkeppniseftirlitinu skýrslu um framkvæmd sáttar þessarar eigi síðar en 31. desember 2016.



Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson